



Dagskráin um verslunarmannahelgina í Kiðagili í Bárðardal.

Fimmtudagskvöldið 1. ágúst kl. 20:00
Karl Pálsson frá Víðikeri heldur tónleika.

Laugardagskvöldið 3. ágúst kl. 20:30.
Tónleikar með Hundi í óskilum.

Sunnudagurinn 4. ágúst kl. 14:00-17:00
Þjóðlegt kaffihlaðborð þar sem starfsfólk klæðist þjóðbúningum
og gestir gæða sér á lummum, flatbrauði, pönnukökum
og ýmsu fleiru þjóðlegu bakkelsi.
Jónas Sigurðarson og Snorri Guðvarðar láta ljúfa tóna
svífa um salinn fyrir kaffigesti.

Myndlistarsýningu Eyþórs Péturssonar lýkur eftir verslunarmannahelgi.

Fornir fimmtudagar – Fremri Fjöll í Kelduhverfi.

Fimmtudagskvöldið 1. ágúst kl. 20:00
taka fræðimennirnir Árni Einarsson og Stefán Ólafsson
á móti gestum og fræða um fornar minjar á Fremri Fjöllum.
Tóftasvæðið er staðsett um 3,5 km sunnan við
bæinn Fjöll í Kelduhverfi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef
Hins þingeyska fornleifafélags
www.fornleifafelag.is

Hið þingeyska fornleifafélag.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

29. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 31. júlí 2013

Afmælisbörn dagana 1. ágúst — 7. ágúst 2013

4. Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir.
7. Yngvi Ragnar Kristjánsson.



Guðsþjónusta með altarisgöngu
verður í Víðirhólskirkju n.k. laugardag 3. ágúst kl. 13:00
(Vinsamlega athugið breyttan tíma!)

Minni einnig á Helgistundina í "Kirkjunni" í Dimmuborgum
daginn eftir, sunnudaginn 5. ágúst kl. 14:00.
Komið með nesti og við drekkum það saman á flötinni
við hliðina á "Kirkjunni", eftir helgistundina.

Ég verð í sumarleyfi fram til 25. ágúst en þann tíma mun
sr. Þorgrímur Daníelsson annast þjónustu fyrir mig.
Síminn hjá honum er: 464 3545 og GSM 8931804
og netfang dagvar@mi.is

Bestu kveðjur
Örnólfur



-Verslunarmannahelgin í Gamlabænum- Dúettinn Easy á föstudags- og laugardagskvöld.

Dúettinn skipa Elvar Bragason og Anna Sofía Gærdbo en þau eru reynsluboltar sem lengi hafa verið að spila og syngja.

Þau spila gömlu góðu lögin sem allir vilja heyra sem og lög eftir Elvar með textum eftir Önnu.

Þau ætla að skapa notalega stemmingu í Gamlabænum um helgina.

Tónleikarnir hefjast kl. 22:00 bæði kvöldin.

Verið hjartanlega velkomin
í notalegheit um
verslunarmannahelgina.



Sumartónleikar við Mývatn 2013. LOKAHELGI.

3. ágúst laugardagur - Reykjahlíðarkirkja, kl. 21:00.
4. ágúst sunnudagur - Skútustaðakirkja, kl. 21:00.

FUNI - Bára Grímsdóttir söngur og kantele
Chris Foster söngur, langspil og gítar.

Sunnudaginn 4. ágúst: Kirkjan í Dimmuborgum,
helgistund kl. 14:00 í umsjá sóknarprests.

Tónlist flytja Bára Grímsdóttir og Chris Foster.
Kirkjugestir syngja almennan söng.

Upplagt er að hafa með sér kirkjukaffið og setjast saman
í græna lautu að lokinni helgistund.

FUNI er tvíeykið Bára Grímsdóttir og Chris Foster, sem hófu samstarf árið 2001. Síðan hafa þau keppt við að blása lífi í íslenska þjóðlagatónlist sem hefur leynst í gömlum upptökum og lítt þekktum bókum og handritum, auk þess sem þau hafa bætt við nýjum lögum í þjóðlegum stíl. Þau flytja kvæðalög, tvísöngslög, sálma og enskar ballöður, útsetja allt sjálf og hafa haldið námskeið og komið fram á ýmsum hátíðum og tónleikum, einnig í útvarpi, hér heima og víða í Evrópu, Norður-Ameríku og Kína.

Verið hjartanlega velkomin til að hlýða á þetta frábæra tónlistarfólk sem gerir gamlar gersemar nýjar.
Aðgangur ókeypis.



GLATAÐ ?

Rafhlöðuborvélín mín De Walt í svörtum kassa með aukarafhlöðu ofl. hvarf úr dælustöð við Helgavog nú einhvern dag í júlí - síðan hef ég engar spurnir af henni.

Ég vil biðja viðkomandi að skila vélinni - þarf sjálfur á henni að halda.

Birkir Fanndal - Sólgörðum - s. 894 0781.

Magga litla starir út um gluggann á kirkjuna handan götunnar og segir við mömmu sína:

**“Snidugt að hafa svona kirkjur þar sem konur geta skipt á eiginmönnum.”
“Hvað áttu eiginlega við, barn?” spurði mamma hennar undrandi.**

„Jú, ég hef margoft séð konur í brúðakjól fara inn með gömlum körlum og koma svo út hálf tíma seinna með ungum mönnum.”

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.200 kr. m/vsk.
1/2 síðu auglýsing 3.100 kr. m/vsk.
1/1 síðu auglýsing 4.000 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

17.08.2013

Þingeysk þríþraut og fjallahjólakeppni á Laugum í Reykjadal.

Ólympísk þríþraut verður haldin að Laugum í Reykjadal 17. ágúst og hefst kl 10:00.

Keppnisgreinar eru:

- Ólympísk þríþraut; sund 1500 m, hjól 40 km, hlaup 10 km
Hálf ólympísk þríþraut; sund 750 m, hjól 20 km, hlaup 5 km
Einnig er hægt að taka þátt einstökum greinum innan þríþrautar.

Keppnin mun fylgja móta-og keppendareglum Þríþrautarnefndar Íslands. Hins vegar áskilur keppnisstjórn sér þann rétt að gera hlé eftir sunnið, ef keppnin verður mjög fjölmenn. Ef hlé verður eftir sunnið verður ræst af stað á hjólin eftir sundtímum.

Einnig verður haldin 32 km Fjallahjólakeppni sem hefst kl. 10:00.

Gjald; 5000 kr. fyrir heila og hálf þraut og fjallahjólakeppni en 2000 kr. fyrir einstakar greinar innan þríþrautar.

Skráning mun fara fram á hlaup.is og lýkur skráningu miðvikudagskvöld 14. ágúst.

Allir keppendur þurfa að vera mættir í sundlauginu á Laugum 30 mín. fyrir start.

Keppnisgögn verða afhent milli kl. 9:00 og 9:30.
Upplýsingar: hnikarr@laugar.is og Baldur@ub.is



SAMHERJI